

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, 692. mál**

1.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 5. maí 2012 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til breytingar laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (692. mál á 140. löggjafarþingi, þskj. 1124).

Í frumvarpinu er lagt til að breytingar verði gerðar á 1. og 2. gr. laganna og að við lögin bætist nýr kafli, V. kafli, sem ber yfirskriftina „Ráðstafanir til að draga úr nauðung“ en kafllinn inniheldur tíu nýjar greinar, 10.-19. gr. Í kaflanum er að finna almennt ákvæði um bann við nauðung og rafrænni vöktun (svok. fjarvöktun) gagnvart fötluðum en einnig undantekningar frá því banni. Einnig eru ákvæði um málsmeðferð við töku ákvarðana svonefndrar undanþágunefndar, sbr. ákvæði sem yrði í 15. - 18. gr. laganna.

2.

Þann 25. nóvember 2011 veitti Persónuvernd velferðarráðuneytinu umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fatlaðs fólks. Í umsögninni gerði hún athugasemd við rafræna vöktun á fötluðum án þeirra vitundar. Persónuvernd benti á að ekki mætti gera þeim ókleift að nýta málskotsrétt sinn til dómstóla og lagði til að ekki yrði gert ráð fyrir leynilegri vöktun. Þá gerði hún athugasemd við ákvæði um að skjóta mætti ákvörðun um rafræna vöktun til Persónuverndar. Ákvæðið mætti skilja svo að kæra til Persónuverndar kæmi í stað málskots til dómstóla. Auk þess taldi hún það ekki hlutverk sitt að mæla fyrir um að einstaklingar skyldu beittir þvingunarúrræðum.

3.

Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda Persónuverndar sem settar voru fram á fyrri stigum frumvarpsgerðarinnar, sbr. umsögn hennar til velferðarráðuneytisins, dags. 25. nóvember 2011. Persónuvernd fagnar því en við nánari athugun telur hún rétt að bæta við eftirfarandi athugasemd:

Í 17. gr. er gert ráð fyrir upptalningu á þeim atriðum sem undanþágunefnd skuli líta til áður en hún ákveður að vakta megi fatlaðan mann. Persónuvernd telur mikilvægt að þar kom fram að rafræn vöktun sé ávallt háð því skilyrði að uppfyllt séu skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Virðingarfyllt

Alma Tryggvadóttir  
lögfræðingur

